

VIRKUR VINNUTÍMI TEKINN UPP

1. APRÍL 2020

Virkur vinnutími


Virkur vinnutími styttist úr 37 klst. og 5 mín. í **37 klst. þann 1. apríl 2020** samhliða upptöku „virks vinnutíma“. Tímakaup hækkar til að mæta því að greiðsla fyrir 3 klst. á viku fellur niður.

Úr kjarasamningum iðnaðarmanna: „*Virkur vinnutími telst sá tími sem starfsmaður er við störf. Dagleg viðvera á vinnustað er virkur vinnutími að viðbættum hléum frá vinnu.*“

	Fyrir 1. apríl	Frá 1. apríl
Virkur vinnutími	37 klst. og 5 mín. (7 klst. og 25 mín á dag)	37 klst. á viku (7 klst. og 24 mín. á dag)
Greiddur tími	40 stundir á viku	37 stundir á viku
Kaffihlé í dagvinnu	Greidd 35 mín.	Ógreidd 35 mín. Fellur inn í tímakaup
Tímakaup		Hækkar um 8,33%
Deilitala	173,33	160
Neyslhlé í yfirvinnu	Greidd	Greidd

Kemur á mótis við færri greidda tíma

Virkur vinnutími



Áhrif

- Virkur vinnutími ákveðinn 37 vinnustundir á viku.
- Laun fyrir 37 stundir munu jafngilda 40 klst. nú og því engin breyting á mánaðarlaunum.

- Tímakaup í dagvinnu verður fundið með því að deila 160 í mánaðarlaun. (*m.v. virkan vinnutíma 7,4 klst. á dag / 7 klst. og 24 mín. að jafnaði*)

ATH:

Kaffihlé í dagvinnu áfram samtals 35 mínútur en þau teljast ekki til vinnutíma.

Hver er breytingin hjá iðnaðarmönnum?

Það sem breytist ekki:

Vinnudagurinn breytist ekki

Matar- og kaffitímar breytast ekki

Mánaðarlaun breytast ekki (eða lítið)

Það sem breytist:

Færri tímar greiddir á dag (7,4), viku (37) og mánuði (160)

Tímakaup hækkar til að mæta fækkun greiddra tíma

Launakerfi og tímaskráning

Iðnaðarmenn

YFIRVINNA 1 & 2

1. APRÍL 2020

1. JANÚAR 2021

Tvískipt yfirvinna hjá iðnaðarmönnum (yfirvinna 1 og yfirvinna 2)

Skilgreiningar

Yfirvinna 1

- Yfirvinna 1 er greidd fyrir alla yfirvinnu þar til yfirvinna 2 tekur við.
- Sama gildir um yfirvinnugreiðslur sem bætast við greiðslur fyrir unninn tíma t.d. vegna skerðingar á hvíldartíma.

Yfirvinna 2

- Yfirvinna 2 greiðist fyrir virkan vinnutíma umfram 41 virka klst. á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (177,33 virkar klst. m.v. meðalmánuð).
- Yfirvinna 2 er einnig greidd fyrir vinnu að nóttu, á tímabilinu frá kl. 00:00 – 06:00.

Breytingar yfir samningstímamann

Frá 1. apríl 2020

- Yfirvinna 1 greiðist með tímakaupi sem samsvarar **1,02%**¹ af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.
- Yfirvinna 2 greiðist með tímakaupi sem samsvarar **1,10%** af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Frá 1. janúar 2021


- Yfirvinna 1 greiðist með tímakaupi sem samsvarar **1,00%** af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.
- Yfirvinna 2 greiðist með tímakaupi sem samsvarar **1,15%** af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

¹ Fram að 1. apríl 2020 er yfirvinnuálag áfram 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Tvískipt yfirvinna hjá iðnaðarmönnum (yfirvinna 1 og yfirvinna 2)

- a) Hjá starfsmanni í fullu starfi sem skilar 37 klst. dagvinnu á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (160 klst. m.v. meðalmánuð) er yfirvinna 1 greidd fyrstu 4 klst. á viku að jafnaði eða 17,33 klst. á mánuði m.v. meðalmánuð. Yfirvinna 2 er greidd fyrir yfirvinnu umfram það.
- b) Ef starfsmaður skilar ekki fullri dagvinnu vegna vinnuskipulags eða fjarvista er miðað við að yfirvinna 2 sé greidd þegar starfsmaður hefur skilað 41 klst. á viku að meðaltali á launatímabili eða 177,33 klst. m.v. meðalmánuð.
- c) Dagvinnustundir á sérstökum frídögum, í orlofi, veikindatilvikum eða launalausum leyfi teljast þó sem hluti 37 klst. vinnuviku / 160 klst. mánaðar. Slíkar fjarvistir **teljast til vinnustunda** í skilningi a) liðar.
- d) Óunnin yfirvinna, sem t.d. er greidd vegna skerðingar á hvíldartíma og aukagreiðsla vegna vinnu í greiddum neysluhléum utan dagvinnutímabils, **telst ekki með** tímum sem safnast upp og veita rétt til greiðslu yfirvinnu 2.

Sýnidæmi 1: Ein klukkustund af yfirvinnu daglega



1 klukkustund í yfirvinnu daglega

Starfsmaður vinnur 1 klst. á dag í yfirvinnu í fjórar vikur fær greidda 16 tíma í yfirvinnu 1 og 4 tíma í yfirvinnu 2.

	Mán:	Þrið:	Mið:	Fim:	Fös:
Vika 1	1	1	1	1	1
Vika 2	1	1	1	1	1
Vika 3	1	1	1	1	1
Vika 4	1	1	1	1	1

■ Yfirvinna 1 ■ Yfirvinna 2

16 klst. Yfirvinna 1
 4 klst. Yfirvinna 2

 20 klst. Heildarfjöldi yfirvinnustunda

Dæmi a): Einn yfirvinnutími á dag

Starfsmaður skilar 37 klst. dagvinnu á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (160 klst. m.v. meðalmánuð)

Yfirvinna 1 greidd fyrstu 4 klst. á viku að jafnaði eða 17,33 klst. á mánuði m.v. meðalmánuð.

Yfirvinna 2 er greidd fyrir yfirvinnu umfram það.

VINNUTÍMASTYTTING

Mismunandi nálgun á styttingu vinnutíma eftir kjarasamningum

Verkafólk

- **Heimilt að semja** um styttingu vinnutíma á hverjum vinnustað samhliða niðurfellingu kaffitíma á grundvelli ákvæða 5. kafla kjarasamninga um fyrirtækjapátt.

Iðnaðarmenn

- **Heimilt að semja um** styttingu vinnutíma á hverjum vinnustað samhliða niðurfellingu kaffitíma á grundvelli ákvæða 5. kafla kjarasamninga um fyrirtækjapátt.

Einhliða réttur starfsmanna, að lokinni atkvæðagreiðslu, að stytta vinnutíma 1. janúar 2022 þar sem ekki hafa verið gerðir 5. kafla samningar, án breytinga á neyslhléum.

Afgreiðslu- og skrifstofufólk

- **Sjálfkrafa** stytting vinnutíma 1. janúar 2020. Ekki háð breytingum á neyslhléum.

Kjarasamningar án vinnutímastyttingar

Samtök atvinnulífsins eiga einnig aðild að kjarasamningum þar sem ekki hefur verið samið um vinnutímastyttingu eða viðræður um styttingu, t.d.

- Samningur SA og aðildarfélag BHM
- Samningur SA við félög verk-, tækni-, tölvunar- og byggingafræðinga
- Samningur SA og lyfjafræðinga
- Samningur SA og Fél. ísl. hjúkrunarfræðinga

Starfmenn á þessum samningum eru flestir á föstum launum og með nokkra sveigju þegar kemur að vinnutíma.

Verkafólk

Heimilt að semja um styttingu vinnutíma á hverjum vinnustað
samhliða niðurfellingu kaffitíma á grundvelli ákvæða 5. kafla kjarasamninga um fyrirtækjapátt.

Meginatriðin

- Ákvæði um vinnutímastyttingu er að finna í nýjum [5. kafla kjarasamninga SGS / Eflingar](#) um fyrirtækjapátt. Samhljóða ákvæði hjá öllum SGS félögum.

- Engin sjálfkrafa vinnutímastytting.
- Fella niður kaffitíma gegn vinnutímastyttingu.
- Samningur milli fyrirtækis og starfsmanna

„Ef formlegir kaffitímar verða felldir niður er ávinningi vegna bættrar nýtingar vinnutíma og aukinnar framleiðni skipt milli starfsmanna og atvinnurekanda, hlutdeild starfsmanna felst í viðbótarstyttingu virks vinnutíma.“



Atkvæðagreiðsla um samkomulag ef niðurstaða fæst

Fyrirtækjasamningur	
milli	
NN ehf. og starfsmanna fyrirtækisins	
Fyrirtækjapáttur þessi er gerður á grundvelli 5. kafla kjarasamnings milli Samtaka atvinnulífsins og viðkomandi stéttarfélags/stéttarfélaga og gildir fyrir starfsemi fyrirtækisins.	
	1. gr.
<i>Vinnutími og neysluhlé</i>	2. gr.
<u>Annað</u>	Staður, dags.
f.h. starfsmanna	f.h. NN ehf.

Útfærsla vinnutímastyttingar

- **Formlegir kaffitímar felldir niður**
 - Samningur á milli starfsmanna og vinnuveitanda, hvor aðila getur óskað eftir viðræðum
 - Virkur vinnutími fer úr 37:05 niður í **36 klst.** á viku að jafnaði
 - Ekki skerðing mánaðarlauna
 - Viðvera styttest að auki sem nemur brottfalli kaffitíma
- Ekki gert ráð fyrir upptöku virks vinnutíma hjá verkafólki. Þó ekki útilokað að semja um það fyrirkomulag þegar samið er um vinnutímastyttingu skv. 5. kafla. Kann t.d. að henta í fyrirtækjum með iðnaðarmenn vegna breytinga hjá þeim 1. apríl 2020.
- Margir valkostir í boði um útfærslur sem henta hverjum og einum vinnustað. Sjá mögulegar útfærslur á eftir í umfjöllun um iðnaðarmenn.

Iðnaðarmenn

VINNUTÍMASTYTTING

Heimilt að semja um styttingu vinnutíma á hverjum vinnustað **samhliða niðurfellingu kaffitíma** á grundvelli ákvæða 5. kafla kjarasamninga um fyrirtækjapátt.

Einhliða réttur starfsmanna, að lokinni atkvæðagreiðslu, að stytta vinnutíma **1. janúar 2022** þar sem ekki hafa verið gerðir 5. kafla samningar, án breytinga á neyslhléum.

AÐRAR BREYTINGAR

Virkur vinnutími frá 1. apríl 2020

Yfirvinna 1 og 2 frá 1. apríl 2020

felur í sér þau skilaboð að draga eigi úr óhóflegri yfirvinnu.

Meginatriðin

- **Vinnutímastytting**

- Nýr kafli um fyrirtækjapátt í kjarasamningum iðnaðarmanna (5. kafli nema hjá Grafíu).
- „Win – win“ forsenda. Atvinnurekandinn á að fá bætta nýtingu vinnutíma og aukna framleiðni á móti vinnutímastyttingu.
- Sjálfkrafa vinnutímastytting **eftir 1. janúar 2022** í 36 klst. og 15 mín. (45 mín. stytting) í fyrirtækjum þar sem ekki hefur verið samið um vinnutímastyttingu á grundvelli 5. kafla
 - Kaffihlé verða þá óbreytt



Dæmi um vinnutíma eftir breytingu, allir dagar jafnir:

Var: Mán – fös 07:30 – 16:00 (30 mín. í mat og kaffi skv. kjarasamningi)

Verður: Mán – fös 07:30 – 15:50

Dæmi um vinnutíma eftir breytingu, föstudagar styttri:

Var: Mán – fös 07:30 – 16:00 (30 mín. í mat og kaffi skv. kjarasamningi)

Verður: Mán – fim 07:30 – 16:00


Föstudaga 07:30 – 15:15 (eða til kl. 15:00 með því að fella niður síðdegiskaffitíma)

Vinnutímastytting – mismunandi útfærsla í boði




Óbreyttur vinnutími

- Starfsdagurinn **helst óbreyttur**.
- Sérhver vinnudagur helst óbreyttur og engar breytingar á kaffihléum.




Stytttri vinnudagur

- Starfsmenn og stjórnendur komast að samkomulagi að nýta styttingu **á hverjum degi**.
- Sérhver vinnudagur styttist um **48 mínútur**.




Stytttri vinnuvika

- Starfsmenn og stjórnendur komast að samkomulagi að nýta **í lok hverrar viku og ljúka störfum rétt fyrir hádegi á föstudegi**.
- Hver föstudagur styttist um **192 mínútur**. (3 klst og 12 mínútur)



Frí annan hvern föstudag

- Starfsmenn og stjórnendur komast að samkomulagi að nýta **í lok annarrar hverrar viku og taka frí annan hvern föstudag**.
- Annar hver föstudagur er **viðbótar frídagur**.



Stytttri vinnudagur þar sem vélar stjórna hraða


- Starfsmenn og vinnuveitendur komast að samkomulagi að nýta styttingu **á hverjum degi**.
- Hvíldarhlé útfærð** á hverjum vinnustað eftir þörfum og aðstæðum.





Dæmi um óbreytt fyrirkomulag innan fyrirtækis: Óbreyttur vinnudagur


Dæmigerður vinnudagur - skipulag






Dæmi 1 um útfærslu innan fyrirtækis: Styttri viðvera hvern dag

Dæmigerður vinnudagur - skipulag



Nýtt fyrirkomulag m.v. 36 tíma vinnuviku




Áhrif breytinga:

20 mín	Fyrra kaffihlé
15 mín	Seinna kaffihlé
12 mín	Vinnutímastytting
1 mín	Viðbótarstytting
48 mín	Samtals á dag




Dæmi 2 um útfærslu innan fyrirtækis: Óbreytt viðvera nema á föstudögum


Dæmigerður vinnudagur - skipulag



Nýtt fyrirkomulag m.v. 36 tíma vinnuviku



Stytting vinnuvikunnar um hálfan dag!




Með því að vinna áfram óbreyttan vinnudag (8 tíma) er hægt að hætta fyrr á föstudögum.




Dæmi 3 um útfærslu innan fyrirtækis: Óbreytt viðvera nema frí annan hvern fös*

Dæmigerður vinnudagur - skipulag



Nýtt fyrirkomulag m.v. 36 tíma vinnuviku



Styttir vinnumánuðinn um 2 daga

Með því að vinna áfram óbreyttan vinnudag (8 stundir) er hægt að taka frí annan hvern föstudag. Þó myndast 56 mín. í skuld.

	Mán:	Þrið:	Mið:	Fim:	Fös:
Vika 1	■	■	■	■	■
Vika 2	■	■	■	■	FRÍ
Vika 3	■	■	■	■	■
Vika 4	■	■	■	■	FRÍ

■ Unnir dagar □ Frídagar



Þetta eru dæmi um nokkrar leiðir sem starfsmenn og vinnuveitendur geta farið með upptöku „virks vinnutíma“

Afgreiðslu- og skrifstofufólk

Sjálfkrafa stytting vinnutíma 1. janúar 2020. Ekki háð breytingum á neysluhléum
Spurt og svarað á [vinnumarkaðsvef SA](#)

Meginatriðin

- Vinnutímastytting tók gildi **1. janúar 2020**. Þá taka vinnutímaákvæði kjarasamningsins breytingum, einnig deilitölur dagvinnutímakaups.
- Freista skal þess að ná samkomulagi á vinnustað um útfærslu vinnutímastyttingar.
 - Hver dagur styttist um 9 mínútur (m.v. fullt starf)
 - Hver vika styttist um 45 mínútur (m.v. fullt starf)
 - Safnað upp innan ársins
 - Vinnutímastytting með öðrum hætti
- Dagvinna styttist um 9 mín. á dag (m.v. fullt starf) 1. jan. 2020 ef annað er ekki ákveðið.
- Atvinnurekanda heimilt að tilkynna starfsmanni með eins mánaðar fyrirvara um breytt fyrirkomulag vinnutímastyttingar.
- Engin breyting á neysluhléum nema samið sé sérstaklega um það við starfsmann / -menn.

Rétt að skoða samhliða hvort gera eigi breytingar á skipulagi vinnudagsins og hléum til að bæta framleiðni – taka það upp í samtali um vinnutímastyttingu.

2019 til 2020

- Samið var um vinnutímastyttingu án skerðingar dagvinnulauna, þ.e. greidd dagvinnulaun fyrir viku eða mánuð verða þau sömu fyrir styttri vinnutíma.
- Starfsmaður þarf eftir 1. janúar 2020 að vinna færri stundir á mánuði áður en yfirvinna hefst. Markmiðið er stytting vinnutímans, ekki aukið orlof
- Mismunandi útfærsla eftir því hvort um er að ræða tímakaupsfólk eða starfsmenn í starfshlutfalli.
- Dagvinnutímakaup tímakaupsfólks hækkar vegna lægri deilitölu dagvinnutímakaups.
- Eftirvinna verður áfram sama hlutfall mánaðarlauna fyrir dagvinnu.
- Yfirvinna verður áfram sama hlutfall mánaðarlauna fyrir dagvinnu.

Eru allir að fá styttingu?

Í ákveðnum tilvikum eiga starfsmenn ekki rétt á að vinnutími styttest.

- Vinnutími starfsmanns, m.v. umsamið starfshlutfall, er þegar styttri en kveðið er á um í kjarasamningi, t.d. sökum þess að tekin eru lengri hlé en skv. samningi.

SA sömdu um styttingu vinnuvikunnar eins og hún er skilgreind í kjarasamningi. Vinnutímastytting hefur því ekki sjálfkrafa áhrif á vinnutíma starfsmanna sem þegar eru með styttri virkan vinnutíma en samið hefur verið um.

- Stjórnendur, sem falla ekki undir gildissvið kjarasamninga, fá ekki styttingu. Þótt vísað sé til kjarasamnings í ráðningarsamningum einstakra stjórnenda þá nær sú tilvísun ekki til vinnutímaákvæða.
- Tímakaupsfólk sem vinnur áfram sama tímafjölda fær hærra tímakaup vegna breytingar á deilitölu.
- Starfsmenn sem vinna eingöngu eftir- eða yfirvinnu. Einungis sá hluti starfs sem unninn er á dagvinnutímabili tekur styttingu.

Tímakaupsfólk



Fjöldi tíma
Deilitala
Stundir til yfirvinnu

<u>Fyrir 1. janúar</u>	<u>Frá 1. janúar</u>
4 klst. á dag	4 klst. á dag
170	167,94
171,15	167,94

Tímakaup hækkar um 1,23%



Fjöldi tíma
Deilitala
Stundir til yfirvinnu

<u>Fyrir 1. janúar</u>	<u>Frá 1. janúar</u>
4 klst. á dag	4 klst. á dag
160	159,27
162,5	159,27

Tímakaup hækkar um 0,46%

Hækkun tímakaups kemur í stað umsaminnar vinnutímastyttingar enda vinnur tímakaupsfólkið jafn marga tíma á dag, viku eða mánuði og áður

Tímakaupsfólk vinnur færri stundir á mánuði áður en yfirvinna hefst.

Hvað var 2019 og nýtt 2020

Vinnutími með kaffitímum 2019

Afgr. 39,5 klst. (39:30)

Skrifst. 37,5 klst. (37:30)

Virkur vinnutími (án kaffitíma) 2019

Afgr. 36,58 klst. (36:35)

Skrifst. 36,25 klst. (36:15)

Full vinna á mánuði 2019

Afgr. 171,15 klst. (171:09)

Skrifst. 162,5 klst. (162:30)

Deilitala dagvinnutímakaups 2019

Afgr. 170

Skrifst. 160

Vinnutími með kaffitímum 2020

Afgr. 38,75 klst. (38:45)

Skrifst. 36,75 klst. (36:45)

Virkur vinnutími (án kaffitíma) 2020

Afgr. 35,83 klst. (35:50)

Skrifst. 35,5 klst. (35:30)

Full vinna á mánuði 2020

Afgr. 167,94 klst.* (167:56)

Skrifst. 159,27 klst.* (159:16)

Deilitala dagvinnutímakaups 2020

Afgr. 167,94 *

Skrifst. 159,27 *

*Skilgreining á fullum vinnuskilum og deilitala dagvinnutímakaups eru nú samræmd

Mismunandi reglur gilda eftir kjarasamningum - samantekt

	Vinnutímastytting	Virkur vinnutími	Yfirvinna 1 & 2
Verzlunarmenn	Sjálfkrafa vinnutímastytting um 45 mín. á viku frá 1. janúar 2020	Nei..... Nema um það sé sérstaklega samið	Nei
Verkafólk	Samningur ef kaffihlé eru felld niður. Styttung um 65 mín. virkar vinnustundir, í 36 stundir	Nei..... Nema um það sé sérstaklega samið	Nei
Iðnaðarmenn	Sama og verkafólk + Frá 1. jan. 2022 fá iðnaðarmenn heimild til að greiða atkvæði um staðlaðan samning sem styttir vinnutíma um 45 mín. á viku	Já, sjálfkrafa frá 1. apríl 2020	Já, sjálfkrafa frá 1. apríl 2020